

kröfu með því, að honum hafi verið ranglega birt stefnan á Sigurðarstöðum, því Sigurðarstaðir hafi ekki verið lögheimili hans, þegar stefnan til hans var birt þar, þá verður þessi krafa hans ekki tekin til greina, því yfirlýsing hans í þessu tilliti virðist ekki styðjast við neitt, sem framkomið er í málinu, og koma í bága við birtingarvottorð stefnuvottanna.

Krafa áfrýjanda um 3 mánaða frest til vitnaleiðslu verður heldur ekki gegn neitun stefnda tekin til greina; en honum veitist 14 daga frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Krafa áfrýjanda um að málinu verði vísað frá undirrétti verður ekki tekin til greina, en honum veitist 14 daga frestur til andsvara um aðalefni málsins.

Mánudaginn 20. júlímán.

Nr. 21/1903:

Réttvísín

gegn

Jóni Jónassyni frá Litladal.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 27. nóvembermán. f. ár, var hinn ákærði, Jón Jónasson, unglingspiltur frá Litladal, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkv. 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fang-

elsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda þar 5 kr. — Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Haustið 1901 um gangnaleytið var ákærði á Silfrastöðum samnáttu Jóni nokkrum Jónssyni frá Höskuldsstöðum; sváfu þeir saman fram í stofu og fór Jón Jónsson fyr á fætur um morguninn, og fór út til að láta út hesta sína; aðgætti hann þá í peningabuddu sína og varð þess var, að úr henni höfðu horfið peningar, um 2 krónur. Fór hann þá inn í bæinn aftur og bar á ákærða, sem þá hafði farið til að matast inn í baðstofu, að hann hefði stolið peningunum. Ákærði tók þá peningana, sem Jón Jónsson hafði mist, upp úr buxnavasa sínum og afhenti Jóni þá. Þannig vikur málinu við eftir skýrslu Jóns þessa, sem peningana átti. En ákærði skýrir svo frá, að þegar Jón Jónsson var klæddur og farinn út, hafi hann, ákærði, tekið eftir því, að þessir umræddu peningar hafi legið á borðinu í skugga við fót sín. Hafi hann þá tekið peningana og ætlað að fá Jóni þá, en af því að Jón var þá farinn út til að láta út hestana, hafi eigi orðið af því þá þegar; en nokkru síðar hafi Jón komið inn, kallað á sig fram í stofu og borið undir eins á sig peningastuld og hafi hann þá afhent Jóni peningana. Ákærði hefir stöðuglega og staðfestlega neitað því, að hann hafi tekið peningana til þess að kasta eign siuni á þá. — Aðrar skýrslur en þessar hafa eigi fengist um atvikin að

peningatökunni, og með því að eigi verður fortæk-
ið fyrir það, eftir því hvernig málið er upplýst,
að peningarnir kunni að hafa dottið úr vasa eða
buddu Jóns Jónssonar, og þess vegna legið undir
eða hjá fötunum á borðinu í stofunni, þykir eigi
vera nægileg ástæða til þess að hrinda þeirri
staðhæfingu ákærða, að hann hafi ætlað sér að
skila peningunum, enda gerði hann það tregðu-
laust, næst er hann hitti Jón Jónsson og undireins
og honum veittist ráðrúm til þess. Ákærði verð-
ur því eigi dæmdur fyrir þjófnað eða ólöglega
meðferð á munum annarra í þessu máli, og ber
samkvæmt því að sýkna hann af ákærum sókn-
arans. Eftir þessum úrslitum verður allur kostnaður
sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi
að greiðast af almannafé, þar með talin málsvarn-
arlaun í héraði, 5 kr. eftir ákvæði aukaréttar-
dómsins, og málfutningslaun hins skipaða sæk-
janda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn,
sem ákvedast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. — Það
vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið
vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Jónasson frá Litladal á að
vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli.
Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir
yfirdómi, greiðist af almannafé, þar með tal-
in málsvarnarlaun í héraði til hins skipaða
verjanda Jónasar Sveinssonar, 5 krónur, og

málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, málflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors.

Nr. 19/1903:

W. Ó. Breiðfjörð

gegn

Oddi málaflutningsmanni Gíslasyni í umboði fyrir Örsteds Parkens Kuranstalt í Kaupmannahöfn.

D ó m u r:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 15. janúar þ. á., var áfrýjandinn, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík, dæmdur til þess að greiða hinum stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni sem umboðsmanni fyrir Örsteds Parkens Kuranstalt í Kaupmannahöfn viðskiftaskuld að upphæð 375 kr. 80 aur. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað; svo var áfrýjandi og dæmdur til að greiða 8 kr. sekt í landssjóð samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819. — Dómi þessum hefir kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 7. apríl þ. á., og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu. — Á hinn bóginn hefir stefndi málaflutningsmaður Oddur Gíslason fyrir hönd Örsteds-Parkens Kuranstalt í Kaupmannahöfn